

A high-speed photograph of water being poured into a clear glass. The water is captured in mid-pour, creating a dynamic splash and bubbles. The background is a soft, light blue gradient.

Sameining sveitarfélaga

Sviðsmyndir um mögulega framtíðarskipan sveitarfélaganna

Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður | Ráðgjafarsvið KPMG

—
Ágúst, 2017

Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulegt framtíðarumhverfi sveitarfélaganna. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við sveitarfélögin.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, íbúum og kjörnum fulltrúum. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum skýrslum og fræðigreinum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum sveitarfélaganna eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

Tengiliðir KPMG:

Sævar Kristinsson

Ráðgjafarsvið
Senior manager

KPMG, Ísland
skristinsson@kpmg.is

Oddur Jónsson

Ráðgjafarsvið
Senior manager

KPMG, Ísland
ojonsson@kpmg.is

Benedikt K. Magnússon

Ráðgjafarsvið
Partner

KPMG, Ísland
bmagnusson@kpmg.is

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	4
Helstu áhrifavaldar	5
Stöðugreining	7
Sviðsmyndir	25
Mögulegt stjórnskipulag og flokkun þjónustu	37
Málaflokkar og stofnanir	43
Samantekt	57

Inngangur

Undanfarin ár hefur verið rætt um eflingu sveitarstjórnarstigsins og frekari tilfærslur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Grundvöllur fyrir slíkri verkefnatilfærslu er að sveitarfélögin séu nægilega stór og hafi burði til að taka við þessum verkefnum.

Haustið 2016 samþykktu bæjarstjórnir sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar að ráðast í skoðun og greiningu varðandi hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna. Í kjölfarið var stofnuð samstarfsnefnd skipuð þremur einstaklingum frá hvoru sveitarfélagi til að skoða grundvöll sameiningar, og fékk hún KPMG til að leiða þá vinnu. Afrakstur þessa verkefnis hefur verið dreginn saman í þessari skýrslu. Við vinnslu hennar var unnið með samstarfsnefnd og bæjarstjórum. Einnig var gerð rafræn könnun meðal sveitarstjórnar- og embættismanna. Áhersla var lögð á að fá fram skoðanir íbúa og var það gert með rafrænni könnun, íbúafundum sem haldnir voru í báðum sveitarfélögunum auk funda með samstarfsnefnd.

Ef til sameiningar þessara sveitarfélaga kemur, verður nýtt sameinað sveitarfélag það 17. fjölmennasta á Íslandi, og það næst fjölmennasta á suðurnesjum á eftir Reykjanesbæ, með 3.219 íbúa sé miðað við 1. janúar 2017. Hér kæmi því saman Sveitarfélagið Garður með 1.511 íbúa og 21 km² landsvæði og Sandgerðisbær með 1.708 íbúa og 65 km² landsvæði.

Heildaríbúafjöldi á Íslandi er á sama tíma 338.349 og yrði íbúafjöldi í nýju sveitarfélagi því 0,95% af heildaríbúum landsins.



Helstu áhrifavaldar

Helstu áhrifapættir við sameiningu

Eftirfarandi er samantekt úr niðurstöðum frá vinnuhópum, á íbúafundum, fundum með kjörnum fulltrúum, könnunum og viðtölum á helstu áhrifavöldum sameiningar.

- Sterkari stjórnsýslueining sem er betur í stakk búin til að gæta hagsmuna íbúanna
- Betri forsendur til að veita faglega og sérhæfða þjónustu t.d. í skóla- og félagsmálum
- Fjárhagslega sterkara sveitarfélag til að takast á við sveiflur í efnahagslífi án þess að þurfa að skerða þjónustu við íbúa
- Mikil samvinna er nú þegar til staðar og sameining myndi þýða einföldun á stjórnkerfi og þar með betri þjónustu
- Bætt nýting fjármuna sveitarfélagsins
- Stjórnsýslan kann að virðast fjarlægari íbúum
- Tilfinning um minna íbúalýðræði
- Samræming og breytingar á gjaldskrá



Stöðugreining

Stöðugreining og hugtök

Eftirfarandi er stöðugreining á núverandi íbúasamsetningu og fjármálum m.t.t. mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna

Íbúar:

- Fjallað er um íbúapróun frá árinu 2006, samsetningu aldurshópa í hvoru sveitarfélagi fyrir sig, og hvernig samsetning aldurshópa sameiginlegs sveitarfélags gæti litið út.

Fjárhagsstaða:

- Helstu stærðir í rekstri og efnahag sveitarfélagsins.
- Þróun fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum sveitarfélagsins.
- Skoðað er samspil milli framlegðar og skuldsetningar sveitarfélagsins eftir A – hluta og síðan A og B hluta. Það er gert til að skoða stöðu sveitarfélaganna út frá viðmiðum eftirlitsnefndar sveitarfélaga um æskilegt viðmið milli skuldsetningar og framlegðar.

Gjaldskrá:

- Skoðað er dæmi um fasteignagjöld á ári.
- Skoðað er dæmi um gjaldskrár fyrir fræðslu- og frístundamál.

Hugtök

- Framlegð: Heildartekjur að frádregnum rekstrarkostnaði án afskrifta.
- Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.
- A – hluti: Til A-hluta heyrir sú starfsemi sem sveitarfélag fjármagnar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Það felur í sér rekstur á grunnþjónustu sveitarfélags.
- B – hluti: Í B-hluta eru fyrirtæki, stofnanir eða aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða að meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. A og B – hluti sýnir því heildarumsvif beggja hluta í starfsemi sveitarfélaganna.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Stöðugreining varpar ljósi á núverandi stöðu sveitarfélaganna...

...til þess að skapa skilning á þeirra helstu stærðum í dag



Íbúasamsetning							
	2014		2015		2016		Breyting frá '14-'16
Fjöldi íbúa	1.580	Hlutfall af heild	1.577	Hlutfall af heild	1.708	Hlutfall af heild	128
Fjöldi karla	825	52%	842	53%	931	55%	106
Fjöldi kvenna	755	48%	735	47%	777	45%	22
0-1 árs	41	3%	48	3%	52	3%	11
2-5 ára	109	7%	96	6%	90	5%	-19
6-15 ára	226	14%	218	14%	255	15%	29
16-19 ára	75	5%	84	5%	82	5%	7
20-67 ára	1.010	64%	1.002	64%	1.086	64%	76
> 67 ára	119	8%	129	8%	143	8%	24

Samantekt


Meðalaldur í Sandgerði í árslok 2016 er **36,1** ár
Íbúum fjölgað um 2,9% frá árinu 2006

Fjölgun karla hefur verið mun meiri en kvenna á síðustu þrem árum.

Mesta fjölgun hefur verið í aldurshópnum 20-67 ára eða um 76 manns frá árinu 2014


Hlutfallslega hefur fjölgað mest í aldurshópnum 0-1 árs eða 27% frá árinu 2014.

Þróun íbúafjölda



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Árleg breyting íbúa milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG



Íbúasamsetning							
	2014		2015		2016		Breyting frá '14-'16
Fjöldi íbúa	1.425	Hlutfall af heild	1.425	Hlutfall af heild	1.511	Hlutfall af heild	86
Fjöldi karla	754	53%	767	54%	811	54%	57
Fjöldi kvenna	671	47%	658	46%	700	46%	29
0-1 árs	41	3%	36	3%	40	3%	-1
2-5 ára	82	6%	85	6%	92	6%	10
6-15 ára	217	15%	208	15%	209	14%	-8
16-19 ára	80	6%	78	5%	76	5%	-4
20-67 ára	875	61%	886	62%	954	63%	79
> 67 ára	130	9%	132	9%	140	9%	10

Samantekt íbúagreining

Meðalaldur í Garði í árslok 2016 er **36,8** ár


Íbúum fjölgað um 1,6% frá árinu 2006

Fjölgun karla hefur verið meiri en kvenna á síðustu þrem árum.

Mesta fjölgun hefur verið í aldurshópnum 20-67 ára eða um 79 manns frá árinu 2014


Hlutfallslega hefur fjölgað mest í aldurshópnum 2-5 ára eða 12% frá árinu 2014.

Þróun íbúafjölda



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG


Árleg breyting íbúa milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Íbúasamsetning

Sandgerði




Sveitarfélagið Garður



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Samtals ef sameinað




Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár) hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig í árslok 2016

Samantekt íbúagreining


Miðað við önnur svæði á landsbyggðinni væri sameinað sveitarfélag ungt samfélag með meðalaldur 36,4 ár á meðan landsmeðaltal er 37,9 ár.

Samanburður- A hluti (rekstur)

Tekjur sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)




Tekjur sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)




Hér til vinstri er samanburður á tekjum, gjöldum og framlegð á hvern íbúa hvers sveitarfélags við önnur svipuð sveitarfélög að stærð, gerð og uppbyggingu í öðrum landshlutum.

Taflan að neðan sýnir það sæti sem sveitarfélögin voru í á árinu 2015. Öllum sveitarfélögum er raðað í sætisröð eftir framlegð á íbúa frá 1 (hæsta framlegð sveitarfélags á íbúa) til 74 (lægsta framlegð sveitarfélags á íbúa).

Gjöld sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)



Gjöld sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)



	Sandgerðis-bær	Sveitarfélagið Garður	Sameinað
--	----------------	-----------------------	----------

Framlegð á íbúa (sætisröð)	15	36	24
----------------------------	----	----	----

Samantekt


Garður er með framlegð undir landsmeðaltali, sem stýrist af lágrri skuldsetningu og því er ekki þörf fyrir eins mikla framlegð til að standa undir fjármagnskostnaði af skuldsetningu.

Tekjur og gjöld á hvern íbúa eru mun hærri hjá Sandgerðisbæ en hjá Sveitarfélaginu Garði.


Í framlegð hjá Sandgerði árið 2016 er sérstakt rekstrarframlag til Sandgerðishafnar að fjárhæð 35 m.kr. til að standa undir skuldbindingum hafnarinnar.

Landsmeðaltal er óvenju lágt árið 2015 vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar hjá Reykjavíkurborg.

Framlegð sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)



Framlegð sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga. (tekjur og gjöld eru brúttó og geta verið mismunandi milli sveitarfélaga m.a. vegna samstarfsverkefna)


Framlegð: Heildartekjur að frádrögnum rekstrarkostnaði án afskrifta

Jöfnunarsjóður árið 2016 - samanburður

Sandgerði - Skipting framlags jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árslok 2016 (A hluti)



Sveitarfélagið Garður - Skipting framlags jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árslok 2016 (A hluti)



Hlutfall jöfnunarsjóðs af heildartekjum sveitarfélaganna					
	2012	2013	2014	2015	2016
Sandgerði	17%	12%	12%	12%	11%
Svf. Garður	33%	32%	32%	32%	29%

Framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á hvern íbúa í þús.kr.					
	2012	2013	2014	2015	2016
Sandgerði	144	99	114	121	110
Svf. Garður	202	209	215	255	242

Samantekt

Mismunur á framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2016 liggur í tekju- og útgjaldajöfnunarframlagi hjá Garði.

Heildartekjur Sandgerðis eru hærri en hjá Garði, sem leiðir til minni framlaga á hvern íbúa frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Sandgerðisbæjar.


Samkvæmt greiningu Jöfnunarsjóðs á framlögum 2016 hefðu framlög árið 2016 orðið svipuð ef sveitarfélögin hefðu verið sameinuð.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum

Fjárfestingar sveitarfélaganna beggja í varanlegum rekstrarfjármunum hafa verið mun meiri en hjá samanburðarsveitarfélögum. Það á einnig við ef meðaltal yfir allt landið er skoðað á tímabilinu 2002 til 2016 og þá einkum á árunum 2007 til 2010. Einnig voru fjárfestingar Garðs í varanlegum fjárfestingum miklar árið 2014.

- Sveitarfélögin bæði nýttu fjármagn til fjárfestinga sem kom til vegna sölu á eignarhluta sveitarfélaganna í Hitaveitu Suðurnesja.
- Fjárfestingar í lágmarki frá árinu 2011 í Sandgerðisbæ.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum frá 2002-2016



Samantekt

- Bæði sveitarfélögin hafa fjárfest umfram landsmeðaltal á árunum 2007-2010, sem gæti einkum skýrst af fjármagni sem kom til vegna sölu á eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Greining KPMG.

Fjárfestingar - helstu verkefni á næstu árum

Uppbygging nýrra lóða/hverfa, deiliskipulag í vinnslu

Garður:

- Íbúðarsvæði ofan Garðvangs, Klappa-og Teigahverfi.
- Íbúðarsvæði ofan Skagabrautar.
- Iðnaðarsvæði við Iðngarða.

Sandgerði:

- Nýtt íbúðarsvæði sunnan Sandgerðisvegar.
- Deiliskipulag miðbæjarsvæðis.
- Deiliskipulag við Hvalsneskirkju.

Veitukerfi

Garður:

- Samkvæmt greinargerð aðalskipulags eru tilgreindar fjórar útrásir í fráveitu, fækkar í þrjár fyrir 2018.
- Markmið að tengja 80% þéttbýlisins við fráveitukerfi á skipulagstímabilinu (2013-2030).

Sandgerði:

- Ein megin útrás er fyrir þéttbýlið. Áformað var að klára að koma upp grófhreinsun/síun við útrásina og lengja hana lengra út á haf og er það ráðgert árið 2018.

Uppbyggingarsvæði (lóðir)

Garður:

- Sveitarfélagið á u.þ.b. 30% af óskiptu landi á móti einkaaðilum innan þéttbýlisins.

Sandgerði:

- Sveitarfélagið á u.þ.b. 8,77% af óskiptu landi á móti einkaaðilum innan þéttbýlisins.

Æskilegt er að bæði sveitarfélög standi fyrir kaupum á landi til frekari uppbyggingar. Bæði sveitarfélög standa að uppbyggingu atvinnusvæðis á Miðnesheiði.

Skólar og íþróttamannvirki

Garður

- Undirbúningur er hafinn að stækkun húsnæðis grunnskóla, skv. hönnun frá 2009.
- Leikskóli er fullnýttur. Með fjölgun íbúa þarf að huga að lausnum til að taka á móti fleiri börnum.
- Hafinn er undirbúningur að úrbótum á æfingasvæði við íþróttavöll.

Sandgerði

- Umhverfisframkvæmdir og úrbætur á svæði Reynis - eftir að móta stefnu, meta umfang og kostnað.
- Hugsa þarf að stækkun grunn- og leikskóla.

Fjárfestingar - helstu verkefni á næstu árum

Umferðarmannvirki

Garður

- Göngustígur: Áformað er að halda áfram uppbyggingu göngustígs frá Útskálum í Leiru, u.þ.b. 5 km.

Sandgerði

- Göngustígur: Áformað er að leggja göngu-/hjólástíg frá Sandgerði að Leifsstöð, ca. 6,5 km.

Sameiginlegt fyrir bæði sveitarfélög

- Hafinn er undirbúningur að göngu-og hjólreiðastígs milli Garðs og Sandgerðis, um 4 km.
- Áform eru um endurnýjun gatnalýsingar í þéttbýli .
- Þörf er á endurbótum gatnakerfis.
- Vinna þarf að framkvæmd umferðaröryggisáætlaða.

Önnur verkefni

Garður

- Unnið er að frágangi umhverfis Útskála, menningarhúss og stækkun kirkjugarðs.
- Til stendur að ljúka framkvæmdum á menningarhúsi við Útskála.
- Töluverðar framkvæmdir hafa staðið yfir við Byggðasafnið. Hugmyndir hafa einnig verið uppi um að stækka safnið enn frekar.

Sandgerði


- Stofnframlög til uppbyggingar á 5 íbúðum við Lækjamót fyrir fatlaða sem bygging hefst á haustið 2017 og lýkur síðla árs 2018.
- Stofnframlög til uppbyggingar á almennum leiguíbúðum, 5 íbúðir fyrirhugaðar í samstarfi við Bjarg 2018.
- Hafnarsvæði
 - Framkvæma viðhaldsverkefni samkvæmt samgönguáætlun.
 - Frágangur umhverfis á hafnarsvæði.

Sameiginlegt fyrir bæði sveitarfélög


- Fjölga þarf félagslegum íbúðum á næstu árum.
- Stofnframlög til uppbyggingar á almennum leiguíbúðum.

Samanburður- A hluti (efnahagur)

Eignir sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)



Eignir sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)




Hér til vinstri er samanburður á eignum, skuldum og eigið fé á hvern íbúa hvers sveitarfélags við önnur svipuð sveitarfélög að stærð, gerð og uppbyggingu í öðrum landshlutum.


Taflan að neðan sýnir það sæti sem sveitarfélögin voru í á árinu 2015. Öllum 74 sveitarfélögum landsins er raðað í sætisröð eftir því hvernig framlegð sveitarfélaganna á íbúa var á því ári.

- Öllum sveitarfélögum er raðað í sætisröð eftir framlegð á íbúa frá 1 (mestu eignir sveitarfélags á íbúa) til 74 (minnstu eignir sveitarfélags á íbúa).

Skuldir sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)




Skuldir sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)




	Sandgerðisbær	Sveitarfélagið Garður	Sameinað
Eign á íbúa (sætisröð)	8	12	9
Skuld á íbúa (sætisröð)	69	19	53
Eigið fé á íbúa (sætisröð)	30	9	14

Eigið fé sveitarfélags á hvern íbúa árið 2015 (A - hluti)



Eigið fé sveitarfélags á hvern íbúa árið 2016 (A - hluti)



Samantekt

Eignastaða beggja sveitarfélaganna er há.

Skuldastaða Sandgerðisbæjar er hæst í samanburðinum á meðan Garður er lægst.

Eignfjárstaða á hvern íbúa í Garði er mjög há


- Í Garði er til sérstakur Framtíðarsjóður með um 240 m.kr. í árslok 2016.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.


Staða í árslok 2016 - eign sveitararf. á hvern íbúa

Skipting eigna sveitarfélaganna á hvern íbúa í árslok 2016 í þús.kr. (A og B hluti)

Sandgerði




Sveitarfélagið Garður



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaga.

* Eignir í grunnþjónustu: Skólar, íþróttamannvirki, gatnamannvirki, byggingarland o.fl.

Skipting eigna sveitarfélaganna á hvern íbúa í árslok 2016 í þús.kr. (A og B hluti)



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt


Heildareignir á hvern íbúa í Sandgerði er um 400 þús.kr. hærri en í Garði einkum vegna meiri fastafjármuna.

- Eignir í grunnþjónustu eru um 400 þús.kr. hærri á hvern íbúa í Sandgerði en Garði.
- Eign á hvern íbúa í hafnarmannvirkjum í Sandgerði er um 67 þús.kr. Á hvern íbúa og í vatnsveitumannvirkjum um 65 þús.kr. á hvern íbúa og eru slíkar eignir ekki til staðar í Garði.
- Handbært fé á hvern íbúa í Garði er um 162 þús.kr. hærri en í Sandgerði.


Staða í árslok 2016 – skuld sveitararf. á hvern íbúa

Skipting skulda sveitarfélags á hvern íbúa í árslok 2016 í þús.kr. (A og B hluti)


Sandgerði



Sveitarfélagið Garður



Skipting skulda sveitarfélaganna á hvern íbúa í árslok 2016 í þús.kr. (A og B hluti)



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldir á hvern íbúa er um 1,6 m.kr. hærri í Sandgerði en í Garði:


- Langtímaskuldir á hvern íbúa vegna grunnþjónustu eru um 1,0 m.kr. meiri í Sandgerði en í Garði.
- Lífeyrisskuldbindingar á hvern íbúa eru um 200 þús.kr. hærri í Sandgerði en í Garði
- Langtímaskuldir Hafnarsjóðs Sandgerðis við lánastofnanir nema nema 400 m.kr. eða sem nemur 233 þús.kr. á hvern íbúa. Engin höfn rekin í Garði.
- Skuldir vegna vatnsveitu eru 89 þús.kr. á hvern íbúa í Sandgerði. Engin vatnsveita rekin í Garði.

* Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis, fráveitu-, hafnar- og vatnsveitumannvirka eru eingöngu skuldir við lánastofnanir. Eignir í grunnþjónustu: Skólar, íþróttamannvirki, gatnamannvirki, byggingarland o.fl.

Samspil framlegðar og skuldsetningar A hluti

Samspil skuldsetningar og framlegðar (A - hluti)

— Skoðað er samspil milli framlegðar og skuldsetningar sveitarfélagsins eftir A – hluta. Það er gert til að skoða stöðu sveitarfélaganna út frá viðmiðum eftirlitsnefndar sveitarfélaga um æskilegt viðmið milli skuldsetningar (150%) og framlegðar (15%).



- A** Lítil skuldsetning og rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- B** Lítil skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- C** Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- D** Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.

Sandgerðisbær og Gardur fyrir árið 2015 – **Sameinað 2015**
 Sveitarfélagið Gardur fyrir árið 2015 - **GAR 2015**
 Sandgerðisbær fyrir árið 2015 – **SAN 2015**
 Sveitarfélagið Hornafjörður 2015 – **HORN 2015**
 Ísafjarðarbær 2015 – **ÍSA 2015**

Sandgerðisbær og Gardur fyrir árið 2016 – **Sameinað 2016**
 Sveitarfélagið Gardur fyrir árið 2016 - **GAR 2016**
 Sandgerðisbær fyrir árið 2016 – **SAN 2016**
 Fjallabyggð 2015 – **FJA 2015**


Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.
Framlegð: Heildartekjur að frádregnum rekstrarkostnaði án afskrifta
Stuðst við viðmið frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Ekki er tekið tillit til þeirra frávíka sem eftirlitsnefndin setur í sínum viðmiðum.
 Mynd sýnir eingöngu punktstöðu.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Greining KPMG.

Samspil framlegðar og skuldsetningar A og B hluti

Samspil skuldsetningar og framlegðar (A og B - hluti)

— Skoðað er samspil milli framlegðar og skuldsetningar sveitarfélagsins eftir A og B – hluta. Það er gert til að skoða stöðu sveitarfélaganna út frá viðmiðum eftirlitsnefnd sveitarfélaga um æskilegt viðmið milli skuldsetningar (150%) og framlegðar (15%).



- A** Lítill skuldsetning og rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- B** Lítill skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- C** Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- D** Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.

Sandgerðisbær og Gardur fyrir árið 2015 – **Sameinað 2015**
 Sveitarfélagið Gardur fyrir árið 2015 - **GAR 2015**
 Sandgerðisbær fyrir árið 2015 – **SAN 2015**
 Sveitarfélagið Hornafjörður 2015 – **HORN 2015**
 Ísafjarðarbær 2015 – **ÍSA 2015**

Sandgerðisbær og Gardur fyrir árið 2016 – **Sameinað 2016**
 Sveitarfélagið Gardur fyrir árið 2016 - **GAR 2015**
 Sandgerðisbær fyrir árið 2016 – **SAN 2016**
 Fjallabyggð 2015 – **FJA 2015**

Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.
Framlegð: Heildartekjur að frádregnum rekstrarkostnaði án afskrifta
Stuðst við viðmið frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Ekki er tekið tillit til þeirra frávika sem eftirlitsnefndin setur í sínum viðmiðum.
 Mynd sýnir eingöngu punktstöðu.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Greining KPMG.

Þróun framlegðar og skuldsetningar

Töflurnar sýnir stöðu sveitarfélaga m.v. skuldsetningu og framlegð

Skuldsetning A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sandgerðisbær	190%	167%	158%	139%
Sveitarfélagið Garður	44%	48%	41%	44%
Sameinað	131%	120%	108%	100%

Skuldsetning A og B - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sandgerðisbær	241%	214%	204%	181%
Sveitarfélagið Garður	71%	53%	45%	49%
Sameinað	176%	154%	140%	128%

Framlegð A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sandgerðisbær	15,3%	13,8%	10,4%	10,9%
Sveitarfélagið Garður	2,3%	3,6%	8,4%	9,6%
Sameinað	10,1%	9,8%	9,6%	10,4%

Framlegð A og B - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sandgerðisbær	15,3%	13,8%	10,4%	15,1%
Sveitarfélagið Garður	2,3%	3,6%	8,4%	11,3%
Sameinað	10,1%	9,8%	9,6%	13,6%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldsetning

Skuldsetning Sandgerðisbæjar hefur lækkað frá árinu 2013 um 60% í A og B – hluta, þar af A – hluti um 50%.

Skuldsetning Garðs hefur lækkað um rúm 20% frá sama tíma og er það einkum í B – hluta meðan skuldir A – hluta hafa verið á bilinu 40-50% á tímabilinu.

Skuldsetning sveitarfélaganna saman er 100% í A – hluta en tæp 130% í A og B – hluta, sem er vel innan marka viðmiðunarmarka Endurskoðunarnefndar sveitarfélaga.

Framlegð

Samanlögð framlegð sveitarfélaganna hefur verið í kringum 10% frá árinu 2013, jókst um 4% á árinu 2016 mest í B – hluta.

Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.

Framlegð: Heildartekjur að frádrögnum rekstrarkostnaði án afskrifta

Skuldsetning: . Ekki er tekið tillit til þeirra frávíka sem eftirlitsnefnd sveitarfélaga setur í sínum viðmiðum.

Gjaldskrár sveitarfélaga - dæmi um fasteignagjöld

Forsendur

- Stuðst er við birtar gjaldskrár á heimasíðum sveitarfélaganna í ársbyrjun 2017.
- Grunneign miðast við 130 m² íbúð að verðmæti 25 m.kr. í Reykjavík.
- Stuðst er við greiningu frá Þjóðskrá Íslands varðandi mismun milli matssvæða til að endurspegla fasteigna- og lóðarmati í hverju sveitarfélagi.

Áætluð fasteignagjöld eftir sveitarfélögum						
	Reykjavík (meðaltal)	Sandgerði	Sv. Garður	Ísafjörður	Fjallabyggð	Sv. Hornafjörður
Útsvarshlutfall	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,48%	14,52%
Fasteignagjöld skv. gjaldskrá						
Fasteignaskattur A (af fasteignam.)	0,20%	0,50%	0,40%	0,63%	0,49%	0,50%
Fasteignaskattur B (af fasteignam.)	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C (af fasteignam.)	1,65%	1,65%	1,60%	1,65%	1,65%	1,62%
Lóðarleiga - íbúðarhúsnæði (af lóðarmati)	0,20%	1,50%	1,00%	1,80%	1,90%	1,00%
Lóðarleiga - atvinnuhúsnæði i (af lóðarmati)	1,00%	2,00%	1,00%	3,00%	3,50%	1,00%
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald	36.140	40.018	40.018	46.641	41.000	29.925
Vatnsgjald - íbúðarhúsnæði (af fasteignam.)	5.235	0,17%	0,21%	0,21%	0,35%	0,18%
Vatnsgjald - atvinnuhúsnæði (af fasteignam.)	203	0,17%	0,21%	0,30%	0,35%	0,18%
Fráveita - íbúðarhúsnæði (af fasteignam.)	10.109	0,37%	0,15%	0,25%	0,36%	0,30%
Fráveita - atvinnuhúsnæði (af fasteignam.)	390	0,43%	0,15%	0,33%	0,36%	0,30%
Samtals gjöld á ári á íbúð eftir sveitarfélögum	183.618	244.364	188.263	261.148	224.331	202.228
Fasteignastuðull		0,69	0,69	0,72	0,55	0,66

* Reykjavík: Vatns- og fráveitugjald er fast gjald ásamt fermetragjaldi.

Fasteignastuðull. Stuðst við mat á sérbyli. Verðmætastuðull matssvæðis. Allar eignir tilheyra matssvæði. Matssvæði eru misstór en eiga það sameiginlegt að taka til svæða þar sem sölutölur eru samanburðarhæfar og mæla stað- setningaráhrif. Heimild: Þjóðskrá Íslands, heimasíður hvers sveitarfélags

Dæmi um gjaldskrár fræðslu- og frístundamála

Forsendur

- Stuðst er við birtar gjaldskrár á heimasíðum sveitarfélaganna í ársbyrjun 2017.
- Dæmi: Hjón með tvö börn, eitt á leiksólaaldri og eitt á grunnskólaaldri í tónlistarnámi.
- Reiknað með tekjustofni hjóna að fjárhæð 900.000 kr.

Gjaldskrá vegna fræðslumála					
	Sandgerði	Sv. Garður	Ísafjörður	Fjallabyggð	Sv. Hornafjörður
Leikskóli:					
Tímagjald pr. klst.	3.506	3.480	3.039	3.250	2.433
Átta tíma vistun	36.462	35.570	35.329	34.900	28.665
Tónlistarskóli:					
Fullt nám	67.000	67.800	46.000	72.766	61.532
Hálft nám	46.500	44.100	32.000	48.702	30.766
Grunnskól:					
Skólamáltíð (daggjald)	340	285	492	530	315
Dæmi um mánaðarleg útgjöld vegna fræðslumála					
	Sandgerði	Sv. Garður	Ísafjörður	Fjallabyggð	Sv. Hornafjörður
Leikskóli (8 tímar með fullu fæði)	36.462	35.570	35.329	34.900	28.665
Fæði í grunnskóla (mánaðargjald)	7.140	5.985	10.332	11.130	6.615
Tónlistarskóli (fullt nám)	5.583	5.650	3.833	6.064	5.128
Samtals	49.185	47.205	49.494	52.094	40.408

Heimild: Upplýsingar fengnar af heimasíðum hvers sveitarfélags



Sviðsmyndir

Um sviðsmyndir

Sviðsmyndir um mögulega sameiningu sveitarfélaganna Sandgerðisbær og Garðs

Þegar afráðið var að kanna með sameiningu sveitarfélaganna var ákveðið að nota sviðsmyndir til að draga fram mögulega framtíð sveitarfélaganna. Í tengslum við það voru tekin viðtöl við einstaklinga í báðum sveitarfélögunum, framkvæmd rafræn könnun meðal kjörinna fulltrúa, starfsmanna og eins íbúa. Síðast en ekki síst voru haldin sviðsmyndaverkstæði með þátttöku sveitarstjórnarmanna. Í kjölfar úrvinnslu þeirra voru haldnir íbúavinnufundur þar sem íbúar beggja sveitarfélaganna unnu með sviðsmyndirnar. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður þeirrar vinnu.

Með sviðsmyndunum er leitast við að lýsa framtíðarumhverfi samfélags og atvinnulífs í sveitarfélögunum. Sviðsmyndirnar mótast af helstu óvissuþáttum og drifkröftum sem hafa áhrif á samfélagsþróun og atvinnulífisuppbyggingu til framtíðar.


Mælikvarði góðra sviðsmynda snýst ekki um það hversu vel eða nákvæmlega efnistösk þeirra rætast í framtíðinni, heldur hvort þær leiti til betri ákvarðana í dag. Markmið sviðsmyndavinnunnar er að auka dýpri skilning á mögulegu framtíðarumhverfi og þannig auðvelda bæði stefnumótun og ákvarðanatöku til framtíðar.

Sviðsmyndirnar eru ekki framtíðarsýn, spá, stefna eða framreikningur...

...heldur öflug aðferð til að skilja umhverfið og skapa skilning á því hvað rétt sé að gera í dag til að undirbúa framtíðina.

Áhrif sameiningar

Áhrif sameiningar geta komið fram í bættum rekstri og þjónustu en bætt gæði þjónustu er ekki síður mikilvægur ávinningur sameiningar en sterkari rekstrargrundvöllur.



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og Viðskiptaráð Íslands

Sveitarfélög á Íslandi

Saga sameininga


Árið 1950 var fjöldi sveitarfélaga á Íslandi í sögulegu hámarki eða 229 talsins. Sveitarfélögin voru alls 204 árið 1990 og hafði þeim því fækkað um 25 á 40 árum.

Á kjörtímabilinu 1990-1994 fækkaði sveitarfélögum um 33 og á kjörtímabilinu þar á eftir fækkaði þeim um önnur 47 sveitarfélög, og voru þau þá orðin 124 talsins árið 1999.

Á komandi kjörtímabilum átti sveitarfélögum eftir að fækka enn fremur. Undir lok ársins 2014 voru þau orðin, og eru í dag 74.

Nýlega telur samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi á vegum Forsætisráðuneytisins að auka megi framleiðni í rekstri stjórnsýslu sveitarfélaganna um 7% með því að fækka sveitarfélögum niður í 12.

Fjöldi sveitarfélaga í tímans rás frá árinu 1950



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og greining KPMG

Fjöldi sveitarfélaga frá 1950 til 2017

Landshluti	1950	2017	?
Höfuðborgarsvæði og Reykjanes	16	12	6
Vesturland	39	10	1
Vestfirðir	35	9	1
Norðurland vestra	33	7	1
Norðurland eystra	34	13	1
Austurland	35	8	1
Suðurland	37	15	1
Samtals	229	74	12

Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og greining KPMG

Drifkraftar

Ýmsir óvissuþættir hafa áhrif á lífshætti íbúa landsins til framtíðar. Dæmi um það er íbúapróun (fjöldi) á svæðinu, þjónustugeta sveitarfélaga (umfram lögbundna þjónustu), fjölbreytni atvinnulífs, aldursamsetning íbúa og svo mætti lengi telja.




Í verkefninu voru valdir tveir drifkraftar sem taldir voru hafa mest áhrif voru taldir hafa á framgang svæðisins, þ.e. íbúasamsetningu (fjölbreytt / fábreytt) annars vegar og stöðu atvinnulífs (frumvinnsla / úrvinnsla) hins vegar.



- Minni eftirspurn eftir starfsfólki
- Minni fjölbreytni í mannlífi
- Aukin eftirspurn eftir starfsfólki
- Meiri fjölbreytni mannlífs



- Margir atvinnurekendur, fjölbreytt atvinnulíf
- Úrvinnslugreinar
- Fáir atvinnurekendur, einhæft atvinnulíf
- Frumgreinar



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG


Sviðsmyndir 2030

Við samsetningu drifkraftanna tveggja myndast fjórar sviðsmyndir. Þeim voru gefin nöfn sem lýsa mögulegu ástandi árið 2030.

Stærð sveitarfélaganna tveggja getur verið bæði kostur og galli, eftir því hvaða þættir eru lagðir til hliðsjónar. Þannig má segja að fábreytni atvinnulífs sé einkenni minni sveitarfélaga og að fjölmennari sveitarfélög séu líklegri til að búa yfir aukinni fjölbreytni í atvinnulífi.

Tvær sviðsmyndanna eru þannig líklegar til að lýsa stöðu sameinaðs sveitarfélags, þ.e. „Hver er sinnar gæfu smiður“ og „Schiphol“ en í þeim er fjallað um svæðið út frá mikilli þjónustu sveitarfélags við íbúa (umfram lögbundna þjónustu).

Sviðsmyndirnar „Ísbjarnablús“ og „Varnarliðið“ lýsa stöðu sveitarfélaga sem ekki hafa sameinast.



Hver er sinnar gæfu smiður



Einkenni

- Margir atvinnurekendur, oft smáfyrirtæki og frumkvöðlar.
- Úrvinnslu- og þekkingarstörf
- Öflug og fjölbreytt ferðþjónusta
- Þjónustufyrirtæki tengd sjávarútvegi

Íbúafjöldi

- Hægfara vöxtur

Tekjur sveitarfélags

- Fara hægt vaxandi

Hvernig gerðist þetta?

- Mikil áhersla á uppbyggingu þjónustu- og þekkingarstarfa í kjölfar sameiningar
- Erfiðleikar í efnahagsmálum drógu úr eftirspurn eftir starfsfólki
- Mikil nýsköpun byggði á starfsmönnum með sérþekkingu sem náðu að örva fleiri frumkvöðla með sér

Staðan árið 2030

Atvinnulíf /frumkvöðlar	Nýsköpunarmiðstöð með starfsstöð í sveitarfélaginu Margir og smáir atvinnurekendur-frumkvöðlar. Úrvinnslu- og þekkingarstörf Öflug og fjölbreytt ferðþjónusta úrvinnslufyrirtæki tengd sjávarútvegi
Grunnþjónusta	Aukin þjónusta við eldri borgara
Íbúasamsetning og menntun	Vaxandi fjöldi íbúa með margvíslega sérþekkingu
Íþróttir og tómstundastarf	Fjölnota íþróttahús milli byggðakjarna. Aukinn stuðningur til íþróttastarfs með aðkomu atvinnulífs
Húsnæðismál	Veruleg uppbygging húsnæðis fyrir yngra fólk og þjónustuíbúða fyrir aldraða
Stjórnsýsla	Sameinað



Einkenni

- Færibandastörf og „rútnustörf“, bæði í ferðapjónustu og sjávarútvegi
- Fækkun starfa möguleg með nýtingu nýjustu tækni
- Vaktavinnustörf, bæði í sjávarútvegi og á Keflavíkurflugvelli
- Yngri kynslóðir tregar til að snúa heim úr námi vegna fábreytni í atvinnulífi

Íbúafjöldi

- Fer mögulega fækkandi vegna aukinnar tæknivæðingar. Meðalaldur hækkar

Tekjur sveitarfélagsins

- Útsvarstekjur minnka

Hvernig gerðist þetta?

- Lítil nýsköpun í atvinnulífi
- Aukin tæknivæðing bæði í sjávarútvegi og á flugvellið leiða til fækkunar starfa
- Samdráttur í efnahagslífi

Staðan árið 2030

Atvinnulíf /frumkvöðlar	Fáir stórir atvinnurekendur Tæknivæðing fækkar hefðbundnum störfum Færibandavinnan er sjálfvirknivædd Færri sérhæfð störf – unga kynslóðin treg að koma til baka
Grunnþjónusta	Erfitt að viðhalda þjónustu við eldri borgara
Íbúasamsetning og menntun	Hægir á fjölgun íbúa og samfélag eldist Vaxandi sérþekking í sjávarútvegi
Íþróttir og tómstundastarf	Samstarf um íþróttastarf við nærliggjandi sveitarfélög
Húsnæðismál	Hægfara uppbyggingin húsnæðis
Stjórnsýsla	Ekki sameinað



Einkenni

- Þörf fyrir sérþekkingu í ýmsum greinum
- Útibú stærri fyrirtækja – gjarnan erlendra
- Þróð ferðaþjónusta og flugvallatengd atvinnuuppbygging

Íbúafjöldi

- Nokkur aukning

Tekjur sveitarfélagsins

- Útsvarstekjur aukast

Hvernig gerðist þetta?

- Sérfræðiþekking færðist nær svæðinu í kjölfar öflugri sóknar atvinnumála í sameinuðu sveitarfélagi
- Atvinnusvæðin við Keflavíkurflugvöll styrkjast með vaxandi flugtengdri starfsemi

Staðan árið 2030

Atvinnulíf /frumkvöðlar	Öflug fjarskipti og ljósleiðarar með viðeigandi tækifæri í störfum Nýsköpun byggir á landfræðilegri sérstöðu svæðisins. Ekki síst í tengslum við flugtengda starfsemi
Grunnþjónusta	Fjölgun á vistunarkostum og þjónustu fyrir aldraða
Íbúasamsetning og menntun	Veruleg aukning íbúa sem búa yfir sérþekkingu, einkum á flugvallatengdri starfsemi
Íþróttir og tómstundastarf	Fjölnota íþróttahús. Býður upp á fjölbreytni í íþróttastarfi
Húsnæðismál	Uppbygging fjölbreyttari húsnæðiskosta – stærri jafnt sem smærri
Stjórnsýsla	Sameinað



Einkenni

- Fábreytni í atvinnuframboði
- Sjávarútvegur og ferðaþjónusta allsráðandi
- Frumvinnsla í atvinnulífi
- Mikil eftirspurn eftir starfsfólki
- Unga kynslóðin fer fyrir á vinnumarkað

Íbúafjöldi

- Veruleg aukning íbúa, einkum nýbúa
- Vaxtarverkir (hætta á innviðabrestum vegna fjölgunar íbúa)

Tekjur sveitarfélaga

- Aukning í útsvarstekjum

Hvernig gerðist þetta?

- Vöxturinn í ferðaþjónustu og fiskvinnslu jókst áfram
- Lítið um nýsköpun – skortur á starfsfólki með menntun á því sviði, enda ásættanleg laun í núverandi störfum.
- Flestir vinna annað hvort á Keflavíkurflugvelli við hefðbundin störf eða í sjávarútvegi.

Staðan árið 2030

Atvinnulíf /frumkvöðlar	Sjávarútvegur og flugvallartengd starfsemi svo til einu atvinnugreinarnar Lítill nýsköpun en mikil fjölgun starfa án sérþekkingar Mesta fjölgun starfa á flugvællinum
Grunnþjónusta	Grunnþjónusta í lágmarki
Íbúasamsetning og menntun	Aukning nýbúa með grunnmenntun
Íþróttir og tómstundastarf	Óbreytt
Húsnæðismál	Ódýrt húsnæði byggt fyrir erlent starfsfólk
Stjórnsýsla	Ekki sameinað

Samanburður sviðsmynda

Staðan árið 2030				
Sameiningarmál	Hver er sinnar gæfu smiður	Ísbjarnablús	Schipol	Varnarliðið
	Sameining	Ekki sameining	Sameining	Ekki sameining
Atvinnulíf /frumkvöðlar	Nýsköpunarmiðstöð starfrækt.	Fáir stórir atvinnurekendur	Öflug fjarskipti og ljósleiðarar með viðeigandi tækifæri í störfum	Sjávarútvegur og flugvallartengd starfsemi einu atvinnugreinarnar.
	Margir og smáir atvinnurekendur-frumkvöðlar.	Tæknivæðing fækkar hefðbundnum störfum	Nýsköpun byggir á landfræðilegri sérstöðu svæðisins. Ekki síst í tengslum við flugtengda starfsemi	Lítill nýsköpun en mikil fjölgun starfa án sérþekkingar
	Úrvinnslu- og þekkingarstörf	Færibandavinnan er sjálfvirknivædd	Færri sérhæfð störf – unga kynslóðin treg að koma til baka	Mesta fjölgun starfa á flugvellinum
Grunnþjónusta	Aukin þjónusta við eldri borgara	Erfitt að viðhalda þjónustu við eldri borgara	Fjölgun á vistunarkostum og þjónustu fyrir aldraða	Grunnþjónusta í lágmarki
Íbúasamsetning og menntun	Vaxandi fjöldi íbúa með margvíslega sérþekkingu	Hægir á fjölgun íbúa og samfélag eldist Vaxandi sérþekking í sjávarútvegi	Veruleg aukning íbúa sem búa yfir sérþekkingu, einkum á flugvallatengdri starfsemi	Aukning nýbúa með grunnmenntun
Íþróttir og tómstundastarf	Fjölnota íþróttahús milli byggðakjarna. Aukinn stuðningur við íþróttastarf með aðkomu atvinnulífs	Samstarf um íþróttastarf við nærliggjandi sveitarfélög	Fjölnota íþróttahús. Biður upp á fjölbreytni í íþróttastarfi	Óbreytt
Húsnæðismál	Veruleg uppbygging húsnæðis fyrir yngra fólk og þjónustuíbúða fyrir aldraða	Hægfara uppbygging húsnæðis	Uppbygging fjölbreyttari húsnæðiskosta – stærri jafnt sem smærri	Ódýrt húsnæði byggt fyrir erlent starfsfólk

Nýting sviðsmyndanna

Hvernig nýtast sviðsmyndirnar íbúum til ákvörðunar um sameiningu?

Sviðsmyndagreining losar bæði þátttakendur og lesendur úr fjötrum hefðbundinnar hugsunar og skapar ný viðhorf og forsendur til að vinna með. Til að vel takist með nýtingu sviðsmynda fyrir sveitarfélög og byggðaðróun þurfa íbúar og ekki síst sveitarstjórnarmenn að vera opnir fyrir umræðum um breytingar og framkvæmd þeirra.

Einkenni smárra sveitarfélaga er fábreytt atvinnulíf, þar sem sveitarfélögin, vegna smæðar sinnar hafa minni slagkraft eða getu til að efla og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Þannig má telja að í sviðsmyndunum „Ísbjarnablús“ og „Varnarliðið“ hafi sveitarfélögin ekki verið sameinuð.

Í sviðsmyndunum „Hver er sinnar gæfu smiður“ og „Schiphol“ er búið að sameina sveitarfélögin og í kjölfarið hafa orðið til fjölbreyttari atvinnutækifæri.

Við rýni sviðsmyndanna munu ólíkar sviðsmyndir höfða til lesenda með mismunandi hætti.

- Ef lesandinn telur hag sínum betur borgið í fjölmennara og fjárhagslega sterkara sveitarfélagi þá munu sviðsmyndirnar „Hver er sinnar gæfu smiður“ og „Schiphol“ höfða frekar til hans. Þær lýsa mögulegum aðstæðum í sameinuðu sveitarfélagi eins og áður var nefnt.
- Ef lesandi telur að smærri sveitarfélög séu vænlegri og fjárhagslegur styrkur og íbúafjöldi þurfi ekki að vera áhersluþættir í rekstri sveitarfélaga, þá höfða sviðsmyndirnar „Ísbjarnablús“ og „Varnarliðið“ væntanlega til hans. Þær lýsa aðstæðum þar sem sveitarfélögin hafa ekki verið sameinuð.



Mögulegt stjórnskipulag og flokkun þjónustu

Um flokkun þjónustu

Inngangur

- Við sviðsmyndagreiningu komu fram tvær sterkar áherslur, annars vegar áhersla á velferð einstaklinga og þar sterkast á þjónustu við eldri borgara. Hins vegar var þróun samfélagsins og uppbygging einkum vegna mikils vaxtar í tenglum við Keflavíkurflugvöll.
- Við uppbyggingu á þjónustu við íbúa til framtíðar þarf að líta til uppbyggingar á stjórnskipulagi sveitarfélagsins og mögulegrar flokkunar á þjónustunni og þjónustustofnunum.
- Að mati KPMG teljum við mikilvægt í upphafi, ef flokka á þjónustu fyrir sameinað sveitarfélag, að slíkt sé gert í þrjá megin þjónustuflokka. Í því skyni gætu verið mynduð þrjú „teymi“ og væri þá þjónustustofnunum og nefndum/ráðum skipað í samræmi við þá flokkun eftir því fyrirkomulagi sem tæki þá mið af verkefnum viðkomandi þjónustustofnana.



Dæmi um þrískipta þjónustuflokkun

Fjármál og stjórnsýsla

Fjármál, rekstur og þjónusta

Skrifstofa

- Fjármál
- Bókhald
- Laun
- Innheimta
- Stjórnsýsla
- Upplýsingamál
- Skjalavarsla
- Tölvuumsjón
- Mannauðsmál
- Markaðsmál

Meningarmál (eða tengt fjölskyldumálefnum)

- Safnamál
- Menningarviðburðir
- Félagsheimili

Atvinnumál

Velferð einstaklinga

Félagsþjónusta, fræðsla- og tómstundir

Félagsþjónusta

- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Heimþjónusta
- Þjónusta við aldraða
- Barnavernd
- Þjónusta við fatlaða
- Áfengis- og vímuvarnir

Fræðslumál

- Skólaþjónusta
- Grunnskólar
- Leikskólar
- Dagvistun
- Tónlistarskóli
- Skólaakstur

Íþrótt- og frístundamál

- Rekstur íþróttamannvirkja
- Samskipti við íþróttafélög
- Félags- og tómstundastarf
- Félagsmiðstöðvar

Meningarmál

- Safnamál
- Menningarviðburðir
- Félagsheimili

Framkvæmdir og skipulag

Tækni, skipulag og umhverfi

Brunamál og almannavarnir

- Slökkvilið

Hreinlætismál

- Sorphirða og eyðing sorps
- Heilbrigðiseftirlit
- Meindýraeyðing og dýraeftirlit

Skipulags- og byggingamál

- Skipulagsmál
- Byggingaefitirlit

Umferðar og samgöngumál

- Rekstur gatna og umhverfi þeirra
- Snjómokstur
- Samgöngumál

Umhverfismál

- Rekstur opinna svæða og leikvalla
- Náttúruvernd

Eignasjóður

- Framkvæmdir
- Umsjón og rekstur mannvirkja þ.m.t. félagslegs húsnæðis
- Rekstur áhaldahúsa

Veitumál

Hafnarsjóður

Um flokkun þjónustu og yfirstjórn

Um yfirstjórn


- Bæjarstjóri er ávallt æðsti yfirmaður og fer með stjórn sameinaðs sveitarfélags og í yfirstjórn verður lögð tvískipt áhersla á stjórnun:
 - Fjármál og rekstur annars vegar þar sem umsýsla með rekstri á bæjarskrifstofna, stýringu fjármála og umsýsla á málefnum bæjarráðs og bæjarstjórnar er til staðar.
 - Þjónusta og þróunarmál hins vegar, sem annast þróun þjónustunnar og tengingu hennar milli málaflokka með áherslu á einstaklinginn. Væri nefndum til aðstoðar. Þetta er mjög mikilvægt hlutverk einkum í upphafi ef til sameiningar kæmi og gæti þróast í framtíðarhlutverk með áherslu á þróunarmál almennt.

Um teymin

- Við uppbyggingu þjónustunnar verði miðað við áður nefnda þrískiptingu hennar í þrjú teymi. Nánari lýsing á þessum þremur teyimum er eftirfarandi:
 - Fjármála- og stjórnsýsluteymi sem veiti hinum tveimur teymunum og kjörnum fulltrúum aðstoð við úrlausn sinna málaflokka. Teymið hefði með höndum alla daglega umsýslu fjármuna og hefði það að markmiði að veita íbúum og starfsfólki viðeigandi upplýsingar tímanlega til að efla markvissari ákvarðanatöku á grundvelli traustra og áreiðanlegra upplýsinga. Innan teymisins er æskilegt að sinna vel þjónustu vegna mannauðsmála og tengja þjónustuna með skýrum hætti við aðra starfsemi sveitarfélagsins.
 - Velferðarteymi sem væri annað af tveimur þjónustuteyimum, færi með öll málefni er varða velferð einstaklinga og fjölskyldunnar í heild. Innan þess ætti að samþætta félagsþjónustu, fræðslumál, íþrótt- og tómstundamál almennt þar sem einstaklingar og fjölskyldan er höfð í fyrirrúmi.
 - Framkvæmda- og umhverfisteymi fer með umsýslu framkvæmda, byggingamála og rekstur eigna sveitarfélagsins. Undir teymið myndi heyra rekstur eignasjóðs og þjónustustöðvar/áhalda húss sveitarfélagsins. Tengja þyrfti B hluta starfsemi með skýrum hætti við önnur störf innan teymisins.


Helstu nefndir

Helstu nefndir og ráð gætu verið eftirfarandi



Yfirstjórn og flokkun í teymi

YFIRSTJÓRN



TEYMI



Áhersla verði lögð á þróunarmál og þjónustu sem vinni þvert á málaflokka og starfsmannateymi



Málaflokkar og stofnanir

Skatttekjur

Núverandi staða:

Samsetning skatttekna er um margt ólík:

- Fasteignaskattar í Sandgerðisbæ eru talvert hærri en almennt gerist hjá sveitarfélögum einkum vegna flugvallarsvæðis.
- Jöfnunarsjóður er mun meiri hjá Garði en Sandgerðisbæ.

Bæði sveitarfélögin leggja á hámarksútsvar sem er 14,52%.

Álagningarhlutfall á íbúðarhúsnæði er mismunandi á milli sveitarfélaganna.

Álagningarhlutföll og fjárhæðir árið 2017

	Sandgerði	Garður
Útsvarshlutfall	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur A	0,50%	0,40%
Fasteignaskattur B	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C	1,65%	1,60%
Lóðarleiga, hlutfall af fasteignamati lóðar, íbúðarhúsnæði	1,50%	1,00%
Lóðarleiga, hlutfall af fasteignamati lóðar, atvinnuhúsnæði	2,00%	1,00%
Fasteignamat eigna 2017	37.614	14.581
Landmat eigna 2017	5.516	3.032

Heimild: Heimisjóður sveitarfélaganna, Samband sveitarféлага og greining KPMG


Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

Ef sameinað yrði þyrfti m.a. að samræma álagningu á fasteignaskatti á íbúðarhúsnæði í A flokki.

- Ef fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði ætti að skila samsvarandi tekjum og er hjá báðum sveitarfélögum án sameiningar þyrfti hann að hækka í Sveitarfélaginu Garði um ca. 10% en samsvarandi lækkun ætti sér þá stað í Sandgerðisbæ.
- Ef fasteignaskattur yrði hækkaður í Garði til samræmis við Sandgerðisbæ myndi slíkt skila um 10 m.kr. í viðbótartekjur eða lækka um 10 m.kr. væri fasteignaskattur Sandgerðisbæjar lækkaður til samræmis við Garð

Samkvæmt greiningu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlögum árið 2016 er áætlað að framlögin hefðu orðið um 16 m.kr. hærri ef sveitarfélögin hefðu verið sameinuð. Mismunandi niðurstöður geta verið milli ára en Jöfnunarsjóður tryggir samsvarandi framlög næstu fjögur ár á eftir sameiningu.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)



■ Fasteignaskattar

■ Jöfnunarsjóður

■ Útsvar

■ Heildartekjur í millj.kr.

Félagsþjónusta

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Fjölskyldu- og Velferðarnefnd er sameiginleg hjá sveitarfélögunum tveimur með Sveitarfélaginu Vogum.
- Sjálfstæð jafnréttisnefnd starfar hjá Sveitarfélaginu Garði, en forvarna, frístunda og jafnréttisráð í Sandgerðisbæ.

— Stofnanir og þjónusta:

- Sveitarfélögin tvö mynda sameiginlegt félagsþjónustusvæði ásamt Sveitarfélaginu Vogum (SVG) og sem starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðra. Félagsþjónustusvæðið er í umsýslu Sandgerðisbæjar.

Málefni aldraðra:

- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum ásamt Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Vogum sem á Hjúkrunarheimilið Hlévang í Reykjanesbæ.
- Í Miðhúsum í Sandgerðisbæ er rekin þjónustumiðstöð eldri borgarar og þar eru einnig 18 þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Í Garði eru 10 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og félagsstarf aldraðra er rekið í Auðarstofu.
- Félagleg heimaþjónusta er starfrækt hjá báðum sveitarfélögum.

Málefni fatlaðra:


- Félagsþjónustusvæðið er hluti af þjónustusvæði í málefnum fatlaðra á Suðurnesjum, en er alfarið á vegum sameiginlegrar félagsþjónustu SVG.
- Skammtí mavistun fyrir fatlaða er rekin við Heiðarholt í Garði.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Gert verði ráð fyrir einni nefnd fyrir málaflokkinn, félagsmálaráði.
- Sameiginleg félagsþjónusta er til staðar í dag og stefnt er á frekari eflingu og tengingu þjónustunnar við aðra málaflokka svo sem vegna sérfræðiþjónustu til einstaklinga.
 - Stefnt verði á samhæfingu í heimaþjónustu og eflingu hennar til að fólk geti dvalið lengur heima hjá sér í samstarfi við HSS og áfram verði stefnt að uppbyggingu hjúkrunarheimilis í sameinuðu sveitarfélagi. Áhersla verði á lýðheilsu aldraðra almennt.
 - Unnið verði eftir samræmdum húsnæðisáætlunum á grundvelli nýrra laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 er nái til alls svæðisins.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Félagsþjónusta



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Fræðslu- og uppeldismál

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Fræðsluráð starfar í Sandgerðisbæ og Skólanevnd í Garði.
- Sveitarfélögin skipa fulltrúa í stjórn Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

— Stofnanir og þjónusta:


- Bæði sveitarfélög eru með þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjaness í Reykjanesbæ.
- Tveir leikskólar eru reknir á svæðinu samkvæmt þjónustusamningum við einkaaðila. Í Sandgerðisbæ er Leikskólinn Sólborg rekinn af Hjallastefnunni með 119 börn í fjórum deildum. Í Garði er leikskólinn Gefnarborg sem er fjögurra deilda leikskóli með tæplega 100 börnum rekinn af Sunnugarði ehf.
- Í sveitarfélögunum eru tveir grunnskólar, annars vegnar Grunnskólinn í Sandgerðisbæ með 258 börn og um 50 starfsmenn. Í Garði er Gerðaskóli með um 210 börn og um 40 starfsmenn. Nýlega standsett húsnæði er á báðum stöðum. Skóladagvistun er rekin af báðum sveitarfélögum.
- Tveir sjálfstæðir tónlistarskólar eru í sveitarfélögunum. Tónlistarskóli Sandgerðisbæjar er með rúmlega 100 nemendum og er hann staðsettur í sama húsnæði og grunnskóli. Tónlistarskólinn í Garði er til húsa í Sæborg, en verið að vinna að stækkun hans en einnig fer hluta kennslunnar fram í Gerðaskóla. Nemendur eru um 45.
- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Málaflokkurinn tilheyrir fræðslu- og frístundaráði.
- Könnuð verði hagkvæmni með eigin starfsfólki sem sinnasérfræðiþjónustu við einstaklinga í nánu samstarfi við félagsþjónustu.
- Áfram verði leik- og grunnskólar reknir í báðum bæjarkjörnum en samstarf og samskipti milli þeirra efla enn frekar.
- Tónlistarskólar verði sameinaðir en verði með starfsstöðvar í báðum bæjarkjörnum.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Fræðslu- og uppeldismál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Menningarmál

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Atvinnu-, ferða- og menningarráð annast nefndaumsýslu vegna málaflokksins í Sandgerðisbæ og hjá Garði starfar Ferða-, safna- og menningarnefnd.
- Báðir aðilar eru aðilar að Menningarráði Suðurnesja og skipa í stjórn þess.

— Stofnanir og þjónusta:


- Bókasafn er til húsa í Gerðaskóla og er það bæði skóla- og almenningsbókasafn. Að sama skapi er skóla- og bæjarbókasafn rekið í Grunnskóla Sandgerðisbæjar.
- Byggðasafn er rekið í samstarfi við einkaaðila á Garðskaga og er það tengt við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.
- Tvö samkomuhús eru á vegum sveitarfélaganna, annars vegar í Garði og hins vegar í Sandgerðisbæ.
- Þekkingarsetur Suðurnesja er sjálfseignarstofnun í Sandgerðisbæ sem er miðstöð rannsóknarstarfs í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum og var stofnað á árinu 2012 í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Gert verði ráð fyrir að menningarmál tilheyri fræðslu og frístundaráði.
- Samkomuhús verði til staðar í báðum bæjarfélögum eins og verið hefur og að bæjarhátíðir verði haldnar áfram.
- Samstarf milli stofnana í menningarmálum verði eftt enn frekar með faglega þjónustu að leiðarljósi.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Menningarmál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna og greining KPMG

Æskulýðs- og íþróttamál

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Frístunda-, forvarna- og jafnréttisráð starfar í Sandgerðisbæ og íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsnefnd í Garði.
- Ungmennaráð er hjá báðum sveitarfélögum.

— Stofnanir og þjónusta:


- Tvær stórar og öflugar íþróttamiðstöðvar eru í sveitarfélögunum með fullbúnum íþróttasólum, sundlaug, þreksólum og íþróttavöllum.
- Félagsmiðstöðvar eru reknar í báðum sveitarfélögum.
- Bæði sveitarfélögin reka vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum 14-16 ára. Einnig hafa sveitarfélögin tekið ungmenni á aldrinum 17-18 ára í sumarstörf auk fjölda sumarnámskeiða fyrir börn og unglinga í samstarfi við tómsundafélög á svæðinu.
- Bæði sveitarfélögin eru með styrkjakerfi við ungmenni og íþróttá- og tómsundafélög á svæðinu. Stærstu félögin eru íþróttafélögin Reynir í Sandgerðisbæ og Víðir í Garði og hefur samstarf þeirra á milli farið vaxandi á undanförunum árum.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Gert verði ráð fyrir fræðslu- og frístundaráði sem taki til málaflokksins.
- Starfandi verði þjónustustofnun sem tengir saman æskulýðs- íþróttá og tómsundastarf í sveitarfélaginu og hefur forvarnir og almenna lýðheilsu í fyrirrúmi.
 - Lögð verði enn meiri áhersla á allt tómsundastarf einstaklinga á öllum aldri.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Æskulýðs- og íþróttamál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Brunamál og almannavarnir

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Brunavörnum Suðurnesja og Almannaörnum Suðurnesja og skipa í stjórnir þeirra stofnana.

— Stofnanir og þjónusta:


- Brunavarnir Suðurnesja er byggðasamlag í eigu fjögurra sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga. Sandgerðisbær gerðist formlegur aðili að Brunavörnum Suðurnesja í ársbyrjun 2015.
- Almannaavarnanefnd Suðurnesja starfar á öllu starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Tvær Björgunarsveitir starfa í sveitarfélögunum, annars vegar Sigurvon í Sandgerði og hins vegar Ægir í Garði og njóta þær sveitir styrkja frá sveitarfélögunum.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Málaflokkurinn falli undir umhverfis- og skipulagsráð.
- Áfram verði Brunavarnir á Suðurnesjum í samstarfi við Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Brunamál og almannavarnir



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Hreinlætismál (þ.m.t. heilbrigðiseftirlit)

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og skipa í stjórnir þeirra stofnana.

— Stofnanir og þjónusta:


- Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. er í eigu allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum og annast öll sorphirðumál á svæðinu. Félagið á og rekur fullbúna móttöku-, flokkunar-, og eyðingarstöð undir nafninu Kalka í Helguvík.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) hefur eftirlit með matvælavinnslu, íbúðarhúsnæði, veitinga- og gistihúsum, mengandi starfsemi, íþróttá-, heilbrigðis og menntastofnunum, baðstöðum sem og hunda og kattahaldi á Suðurnesjum.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Málaflokkurinn falli undir umhverfis- og skipulagsráð.
- Áframhaldandi samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum á sviði sormála.

Samanburður árið 2015 per íbúa

Hreinlætismál (þ.m.t. heilbrigðiseftirlit)



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Skipulags- og byggingamál

Núverandi staða:

— Nefndakerfi:

- Húsnæðis- skipulags- og byggingaráð starfar í Sandgerðisbæ og skipulags- og bygginganefnd í Garði.
- Sandgerðisbær og Garður skipar fulltrúa í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.
- Sveitarfélögin tvö eru aðilar að svæðisskipulagi á Suðurnesjum og skipa fulltrúa í stjórn þess.


— Stofnanir og þjónusta:

- Sameiginlegur byggingafulltrúi starfar fyrir bæði sveitarfélögin og annast Sveitarfélagið Garður umsýslu þess embættis.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu:

- Málaflokkurinn falli undir umhverfis- og skipulagsráð.
- Sameiginlegt embætti byggingafulltrúa er starfandi hjá sveitarfélögunum og er stefnt á eflingu skipulags- og byggingamála í sameinuðu sveitarfélagi.
- Samræming á aðalskipulagi leggi áherslu á sérstöðu hvers svæðis innan sameinaðs sveitarfélags svo sem uppbyggingu íbúabyggða, hafnaraðstöðu og uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Gert er ráð fyrir aukinni áherslu á uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli og á Miðnesheiði.

Samanburður árið 2015 (per íbúa) Skipulags- og byggingamál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Umferðar-, samgöngu- og umhverfismál

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Umhverfisráð starfandi í Sandgerðisbæ og umhverfisnefnd í Garði.

— Stofnanir og þjónusta:


- Umsýslu gatna og opinna svæða, svo sem snjómokstur o.fl. er á hjá eigin stofnunum sveitarfélaganna beggja.
- Bæði sveitarfélög eru aðilar að akstursleiðinni Reykjanesbær – Garður – Sandgerðisbæ sem Strætó bs. annast. Er sú akstursleið rekin í samstarfi með Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Málaflokkarnir falli undir umhverfis- og skipulagsráð.
- Mikilvægt er að efla samgöngur á milli bæjarfélaganna tveggja, þ.m.t. almenningssamgöngur, hjólreiða- og göngustíga.


Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Umferðar- og samgöngumál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Umhverfismál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Atvinnumál

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Atvinnu-, ferða- og menningarráð er hjá Sandgerðisbæ, en hjá Garði er markaðs- og atvinnumálanefnd.
- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Heklungi, Geopark, markaðsstofu Suðurnesja og atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja og skipa fulltrúa í stjórnir þeirra.

— Stofnanir og þjónusta:


- Mikil uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu á undanförunum árum, þar má nefna háskólasamfélagið í Sandgerðisbæ og uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu í Garði.
- Fullbúið tjaldsvæði er rekið í Sandgerðisbæ á vegum bæjarins og á Garðskaga rekur Sveitarfélagið Garður tjaldsvæði að sama skapi, en þar hefur átt sér stað mikil uppbygging í ferðaþjónustu undanfarið.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Málaflokkurinn heyrir til bæjarráðs.
- Lögð verði áhersla á þróunar- og atvinnumál í sameinuðu sveitarfélagi er dragi fram sérstöðu svæðisins er liggur í nálægð við alþjóðaflugvöll og sjóinn.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Atvinnumál



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Sameiginlegri liðir (yfirstjórn)

Núverandi staða

— Nefndakerfi:

- Sjö manna bæjarstjórnir og þriggja manna bæjarráð eru hjá báðum sveitarfélögum. Kjörstjórnir eru hjá báðum sveitarfélögum.
- Í Garði er sérstök landakaupanefnd sem fjallar um jarðamál í sveitarfélaginu.

— Stofnanir og þjónusta:


- Bæði sveitarfélögin eru með bæjarskrifstofur í nýlegu fullbúnu húsnæði.
- Bæjarskrifstofurnar í Sandgerðisbæ eru í Vörðunni í tæplega 400 m² húsnæði, en þar er einnig afgreiðsla fyrir sameiginlega félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga.
- Bæjarskrifstofurnar í Garði eru að Sunnubraut 4 og eru rúmlega 400 m² að stærð, en þar hefur sameiginlegur byggingafulltrúi sveitarfélaganna aðsetur.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Í nýju sveitarfélagi verði níu manna bæjarstjórn og þriggja manna bæjarráð.
- Starfræktar verði skrifstofur með afgreiðslu í báðum bæjarfélögum og miðað við eftirfarandi skiptingu í samræmi við þjónustuflokkun og uppskiptingu teyma.
 - Fjármál, stjórnsýsla, framkvæmdir, byggingar og skipulagsmál
 - Fjölskyldumálefni í heild, félags- fræðslu- menningar og frístundamál.

Samanburður árið 2015 (per íbúa)

Sameiginlegur kostnaður (án lífeyrisskuldbindinga)



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband sveitarfélaga og greining KPMG

Rekstur fasteigna, veitna og áhaldahúsa

Núverandi staða

— A hluta starfsemi – rekstur stofnana:

- Hefðbundnir eignasjóðir sveitarfélaga hjá báðum aðilum.
- Áhaldahús er starfsrækt á báðum stöðum.

B hluta starfsemi :

- Fráveita og vatnsveita í Sandgerðisbæ og fráveita í Garði.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu

- Starfræktur verði einn eignasjóður. Um verði að ræða eina þjónustustofnun er annast umsýslu og rekstur allra eigna sveitarfélagsins í víðum skilningi þar með talið fasteigna, gatna, opinna svæða og veitna.

B hluta starfsemi

Núverandi staða:

Hafnarsjóður:

- Hafnarsjóður í Sandgerðisbæ með hafnarnefnd.

Núverandi staða:

Félagslegt íbúðarhúsnæði:

- Sandgerðisbær rekur 9 félagslegar íbúðir sem falla undir félagslegt húsnæði og 18 íbúðir fyrir aldraða í Miðhúsum og er hluti þeirra í samstarfi við Búmenn.
- Í Garði eru 10 íbúðir fyrir aldraða og 5 félagslegar íbúðir.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu:

- Áfram verði starfandi hafnarsjóður.

Umfjöllun um mögulegar breytingar við sameiningu:

- Félagslegt húsnæði verði í sérstöku félagi en úthlutun íbúða hjá félagsþjónustu.

Samantekt

- Miðað við önnur svæði á landsbyggðinni væri sameinað sveitarfélag ungt samfélag með meðalaldur 36,4 ár á meðan landsmeðaltal er 37,9 ár.
- Um er að ræða tvö sveitarfélög sem eru áþekk að stærð í mörgum málaflokkum.
- Mjög mikið samstarf er á milli sveitarfélaganna í dag og því myndi stjórnkerfi einfaldast við sameiningu.
- Fjárhagslega myndi verða til sterkt sveitarfélag með eignastöðu verulega umfram landsmeðaltal.
- Leik- og grunnskólar verða áfram reknir í báðum bæjarkjörnum en samstarf og samskipti milli þeirra eftt enn frekar.
- Áhrif sameiningar gætu komið fram í auknum gæðum þjónustu fremur en hagræðingu, enda rekstur beggja sveitarfélaga í jafnvægi í dag.



Ráðgjafarsvið KPMG

Borgartún 27
105, Reykjavík
545 - 6000